

3 – Sjókonur

Sjá einnig flettuna [Sjókvenska](#) á vefnum [Huldukonur.is](#)



Á 18. og 19. öld var Ísland sveitasamfélag og hér voru engir stórir kaupstaðir. Í því samfélagi var hefð fyrir því að konur væru annaðhvort giftar húsfreyjur eða vinnuhjú sem unnu fyrir aðra. Gert var ráð fyrir að húsfreyjurnar gengju í hjónaband og eignuðust börn en hjúin áttu vera ógift og barnlaus. Þó eru til heimildir um fólk sem tókst að skapa sér annars konar líf en samfélagið sagði til um.

Í sveitasamfélaginu voru til rými þar sem konur gátu lifað óhefðbundnu lífi. Með því er átt við staði og húsnæði en einnig félög, starfsgreinar og ýmsa hópa. Á 19. öld var eitt slíkra rýma sjómennska – það að vinna við að fara á sjó. Karlar réðu þar ríkjum en það tíðkaðist líka að konur færu á sjó, sér í lagi á vorin. Til dæmis eru til heimildir um vinnukonur í Dalasýslu, Þuríði Jónsdóttur og Kristínu Einarsdóttur, sem voru sjókonur. Þuríður Einarsdóttir, sem kölluð var Þuríður formaður, vann líka fyrir sér með sjómennsku en um hana er fjallað í **2. kafla: Buxur og kyntjáning**.

Sjómennska og útgerðarstaðirnir, sem kölluðust ver, voru kjörin hinsegin rými fyrir konur vegna þess að þar gátu þær hunsað hefðbundnar hugmyndir um kvenleika og kynhlutverk kvenna. Þær gátu þannig klæðst fötum sem venjulega voru tengd við karla og karlmennsku, til dæmis buxum, og hagað sér á ýmsan hátt öðruvísi en ætlast var til af konum. Það gildi einnig þegar þær voru ekki við vinnu en Þuríður formaður gekk til dæmis í „karlmannsfötum“ dagsdaglega.

Við vitum mjög lítið um hvernig þessar sjókonur upplifðu kyn sitt – hvort þær litu á sig sem konur, karla eða eitthvað annað. Við vitum heldur ekkert um kynhneigð þeirra. Ritaðar heimildir útskýra óhefðbundna kyntjáningu þeirra ekki með því að þær hafi verið sam- eða tvíkynhneigðar, heldur yfirleitt með því að þær hafi verið karlmannlegar í eðli sínu eða fari. Það á líka við um konur sem stunduðu ekki sjó. Skáldkonunni Látra-Björgu, sem var uppi á 18. öld, var til dæmis lýst sem eins konar þjóðsagnapersónu og mjög karlmannlegri. Sagt var að hún hefði litið ferlegast út af öllum konum. Hún var hávaxin og háslöng og hegðun hennar var álitin ókvenleg að mörgu leyti. Um nöfnurnar Þuríði formann og Þuríði Jónsdóttur var einnig sagt að þær væru karlmannlegar. Þuríður

formaður var til að mynda sögð „tvíkynja“ og kvenleiki hennar þar með dreginn í efa. Þuríður Jónsdóttir var kölluð „Þuríður graða“ en það orð vísaði á 19. öld bæði til þess að viðkomandi væri karlmannleg/ur og hefði mikla kynlíflöngun (sjá **4. kafla: Orð um orð**).

Það er kannski ekki undarlegt að sjómennska hafi verið rými fyrir óhefðbundna kynverund kvenna. Verin voru jaðarsamfélög, staðsett í nokkurri fjarlægð frá hinum hefðbundnu rýmum fjölskyldunnar, svo sem heimilum og býlum. Í verunum giltu því aðrar hefðir og reglur. Þau buðu upp á möguleika fyrir konur til að stofna til sambanda við aðrar konur eða tjá kynverund sína á óvenjulegan hátt. Í verum og sjávarþorpum fengu þær leyfi til að haga sér „karlmannlega“ en ólíklegt er að þær hefðu komist upp með slíka hegðun annars staðar.



Óeðlilegt vinfengi

Í æviminningum séra Friðriks Eggertz (útg. 1950) segir frá Þuríði Jónsdóttur og Kristínu Einarsdóttur sem voru vinnukonur á Ballará í Dalasýslu á fyrri hluta 19. aldar. Þær voru sendar af heimili sínu til að veiða fisk og réru út frá Dritvík, yst á Snæfellsnesi. Friðrik er óvenju opinskár um samband þeirra en hann lýsir því svo: „Sváfu þær saman, og þótti vinfengi þeirra nokkuð óeðlilegt, og því var hún kölluð af sumum Þuríður graða. Aldrei áttu þær börn og voru saman meðan þær lifðu og voru í Vík á vorin, sem oftast frá Ballará.“ (bls. 432)

Við vitum fátt um Þuríði, annað en að hún naut þess að róa út frá Dritvík og vildi helst hvergi annars staðar vera. Þuríður og Kristín voru greinilega nánar og góðar vinkonur og lífsförunautar en forðuðust hjónaband og hefðbundið fjölskyldulíf. Hegðun þeirra var ögrandi og þess vegna urðu til sögur um „óeðlilegt“ vinfengi þeirra og ókvenleika. Þær höfðu einnig áhrif á vinnukonurnar í nærumhverfi sínu. Til er saga um Guðrúnu Jónsdóttur sem sóttist hart eftir að róa út frá Dritvík, að áeggjan Þuríðar og Kristínar. Þegar húsbændur hennar létu það loks eftir henni drukknaði hún í fyrsta róðrinum. Hún var öllum harmdauði þar sem hún var afar vel liðin í sinni sveit. Þessi saga hefur vafalaust átt að vara aðrar konur við sem íhuguðu að taka Þuríði og Kristínu sér til fyrirmyndar.

Verkefni



- » Það eitt að klæðast buxum þykir ekki lengur gera konur karlmannlegar. Hvaða eiginleika þurfa konur að hafa núna til teljast karlmannlegar? Hefur eitthvað breyst? Er eitthvað sem hefur ekki breyst?
- » Hvers konar kyntjáning þykir óhefðbundin í dag? Eru einhver rými í samfélagi okkar í dag (til dæmis hús, vettvangur eða félagsskapur) þar sem konur hafa meira leyfi til að tjá kyn sitt á óhefðbundinn hátt en annars staðar? Eða rými fyrir trans og kynsegin fólk? Hvar og af hverju?